

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Miðvikudagur 13. nóvember 2019 | 40. töl. 17. árg. | Upplag 10.500 eintök. Dreift vikulega ókeypis inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

SELVOGSGATA 22



158 m² 59,9 millj. kr.

Fallegt tvílyft einbýlishús vel staðsett í Suðurbæ Hafnarfjarðar. Bílskúr innréttur sem herbergi. Húsið er klætt að utan. Góð staðsetning, stutt í skóla og miðbæ Hafnarfjarðar.

SVÖLUÁS 1A



106 m² 43,9 millj. kr.

Björt og rúmgóð endaíbúð á jarðhæð. Þrjú svefnherbergi, baðherbergi flísalagt í hólfi og gólf, rúmgott flísalagt þvottaherbergi. Ópið frá eldhúsi inn í bjarta og rúmgóða stofu.

BÆJARHOLT 1



118 m² 44,5 millj. kr.

Nýuppgerð endaíbúð á þriðju hæð með flottu útsýni. Allar innihurðir og gólfefni eru ný. Íbúðin er nýmálud. Baðherbergi gert upp frá grunni. Ný heimilistæki í eldhúsi.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983



Frumherji
BIFREIÐASKOÐUN

Dalshrauni 5
Ópið kl. 8-17 virka daga



Ópið virka daga frá 11:00-18:00
Laugardaga frá 10:00-16:00
www.litlagaeludyrabudin.is

25 metra hátt knatthús verði við Ástjörn

Breyting á deiliskipulagi Ásvalla í kynningu

Í tillögu að breyttu skipulagi íþróttasvæðisins að Ásvöllum er gert ráð fyrir að 25 m hátt knatthús verði á N-A hluta svæðisins, rétt við friðaða Ástjörnina, en ekki í S-V hluta eins og áður var gert ráð fyrir. Á skipulagsupprætti er sýnt að húsið nái alveg að göngustíg við Ástjörnina þar sem trjábelti er núna en skýringaruppráttur sýnir allt annað.

Nýlega var einnig samþykkt aðalskipulagsbreyting sem gerir ráð fyrir 100-110 íbúðum þar sem áður var skipulagt íþróttasvæði. Er gert ráð fyrir

allt að 5 hæða húsum sem geta orðið 16,5 m há. Kynningarfundur var um aðalskipulagsbreytinguna og reiknað er

með kynningarfundum um deiliskipulagstillöguna á kynningarferlinum en athugasemdafrestur er til 23. desember.



Hluti af deiliskipulagsupprættinum sem sýnir knatthúsið t.h.

GUNNAR SV. FRÍÐRIKSSON

Sími 842 2217



HELGAFELL
FASTEIGNASALA

Jón Arlúss
KÖKULIST



Treystu
mér fyrir
veislunni!

www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655

Hönnun & umbrot



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.

BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR

hhus@hhus.is | stofnað 1990



Er nýja heimilið þitt í Hafnarfirði kannski hjá okkur?

Skoðaðu lausar eignir á heimavellir.is

**HEIMA
VELLIR**
ÖRUGGLEIGA

FJARÐARfréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason
Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur
ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is
www.facebook.com/fjardarfrettir.is
Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn



Í dag kemur til umræðu í bæjarstjórn tillaga að fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar sem leynd hefur hvílt yfir síðan á fundi bæjarráðs í síðustu viku. Kröfum Kauphallarinnar er kennt um en þar er einungis gerð krafa um að Kauphöllin fái gögnin ekki síðar en áður. Því er ekkert og hefur ekkert verið því til fyrirstöðu að birta, hvort heldur er tillögu um fjárhagsáætlun eða reikninga bæjarins um leið og þeir eru tilbúnir.

Búast má við að fjárhagsáætlun fyrir næsta ár einkennist af samdrætti í tekjum og óvissu um kjarasamninga. Búast má við að framkvæmdaliðum sé slegið á frest enda hafa undanfarin ár einkenst af hærri skatttekjum en búist hafi verið við. Hins vegar hefur það svigrúm sem hefur myndast ekki verið nýtt til að lækka heildarskuldur bæjarins eins og lofað hafði verið fyrir þar síðustu kosningar.

Fjármálastjórn bæjarins hefur þó verið með betra móti sem margir hafa þakkað öflugum fjármálastjóra bæjarins.

Fróðlegt verður að fylgjast með því hvernig umræða um fjárhagsáætlun verður, hvort samstaða náist í bæjarstjórn og hvernig taka eigi á samdrætti í tekjum sveitarfélagsins.

Fjölgun bæjarbúa undanfarin ár hefur verið með allra minnsta móti og miklu minni en í nágranna-sveitarfélögunum en Hafnarfjörður var áður þekktur fyrir mikla fjölgun íbúa. Ástæða þessa er klúður í skipulagsmálum og ósamstaða um framtíðar byggingarsvæði. Deilur bæjarfulltrúa hafa smitast út í þjóðfélagið og hafa bæjarfulltrúar gengið jafnvel svo langt að tala nýbyggingarhverfi niður í fjölmíðlum og þannig haft neikvæð áhrif á ímynd bæjarins.

Fjölgun íbúa hefur jafnan haft nokkuð góð áhrif á fjárhag sveitarfélaga þó miklu skipti að gott og jafnt framboð íbúðalóða sé á hverjum tíma. Alveg síðan fyrsta skipulag Valla var kynnt hefur vandræðagangur ríkt. Því skipulagi var kastað og þess í stað ákveðið að skipuleggja Ásland 1 sem kostaði langan biðtíma án lóðaúthlutana. Söguna eftir það þekkja bæjarbúar sem kórónaðist í vandræðaganginum með Skarðshlíðina þar sem bankahrúnið varð viðbótar örlagavaldur. Hvernig íbúðir vantar, hvar er byggt næst? Á forsendum hverra?

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA






Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is



Víðistaðakirkja

Sunnudagur 17. nóvember

Messa kl. 11

Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.
Prestur: Sr. Stefán Már Gunnlaugsson.

Hressing í safnaðarsalnum á eftir

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:10.
Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is



Fríkirkjan

í Hafnarfirði

Sunnudagurinn 17. nóvember:

Sunnudagaskóli kl. 11

Kvöldvaka kl. 20

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

Ráðsformaður snuprar Viðreisn

62% mæting fulltrúa Viðreisnar

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 30. okt sl. samhljóða breytingar á fulltrúum Viðreisnar í skipulags- og byggingarráði. Óli Örn Eiríksson, Hverfisgötu 52b, verður aðalmaður í stað Jóns Garðars Snædal og varamaður verður Sigurjón Ingvason, Suðurgötu 70.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs benti formaður ráðsins á að liðnir væru 17 mánuðir af kjörtímabilinu. Á þessum 17 mánuðum hafi Viðreisn skipað 3 fulltrúa í ráðið og jafn marga til vara. Á tímabilinu hafi 37 fundir verið í ráðinu og af þeim hafi aðalfulltrúi Viðreisnar verið fjarverandi 14 sinnum sem geri 62% mætingu. Benti formaðurinn á að varamaður hans hafi mætt í hans stað einungis 6 sinnum. „Vinna skipulags- og byggingarráðs er yfirgripsmikil og krefst oft mikillar vinnu og samvinnu kjörinna fulltrúa. Ráðsmenn miðla upplýsingum til bæjarfulltrúa og inn í baklandið og því mikilvægt að mætt sé á ráðsfundi og ekki síður mikilvægt að stöðuleiki sé á skipan ráðsmanna því oft er verið að fjalla um flókin skipulagsmál í langan tíma sem erfið getur verið að setja sig



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 17. nóvember

Messa kl. 17

Sr. Bolli leiðir helgihald og segir söguna af Jónasi í hvalnum.

Kári Allansson stýrir safnaðarsöng og Inga kirkjuvörður býður upp á kvöldmat eftir messu.

Verið öll hjartanlega velkomin í Ástjarnarkirkju.



www.astjarnarkirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 17. nóvember

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

inn í,“ segir Ólafur Ingi Tómasson í bókun á fundi skipulags- og byggingarráðs.

Nýr ulltrúi Viðreisnar svaraði bókun formannsins með eftirfarandi bókun:
„Nýskipaðir fulltrúar Viðreisnar í ráðinu hafa góða þekkingu á skipulagsmálum bæjarins og hafa fylgst vel með þeim undanfarin ár. Mæting hefur verið algjörlega fullnægjandi og aðeins örfáir fundir ekki verið stóttir. Formaður ráðsins getur verið fullviss um að mæting á fundi verður góð það sem eftir er tímabils.“

Kaldárhlaupið verður ekki í ár

Hið vinsæla Kaldárhlaup sem haldið hefur verið síðustu þrjú ár, verður ekki haldið í ár, vegna persónulegra ástæðna hjá hlauphaldara.

Hlaupið hefur verið til að minnast upphafs rafvæðingar í Hafnarfirði og hefur verið hluti af Hátið Hamarskotslækjar.

SH sveitir settu fjögur Íslandsmet

Þrjú Íslandsmet kvennasveita SH



Ingibjörg Kristín Jónsdóttir í Ásvallalaug um helgina.

Íslandsmeistaramótið í 25 m laug var haldið um helgina í Ásvallalaug en það endaði á 4x100 m fjórsundi þar sem kvennasveit SH sigraði og setti nýtt Íslandsmet í leiðinni.

Þær syntu á 4:13,48 mín, en gamla metið var 4:13,88 mín frá 2017.

Í sveitinni voru Ingibjörg Kristín Jónsdóttir, Katarína Róbertsdóttir, Sunna Svanlaug Vilhjálmisdóttir og Jóhanna Elín Guðmundsdóttir.

4 X 50 M SKRÍÐSUND

Kvennasveit SH sló Íslandsmetið í 4x50 m skríðsundi er sveitin synti á 1:43,18 mín., en gamla metið var 1:45,43, frá 2012.

Sveitina skipuðu þær Steingerður Hauksdóttir, Jóhanna Elín Guðmundsdóttir, Katarína Róbertsdóttir og Ingibjörg Kristín Jónsdóttir.

10 ÁRA MET BÆTT

Íslandsmetið í 4x100m skríðsundi kvenna féll í lokagrein annars keppnisdags er A-sveit SH syntu á 3:49,66 mín

og bætti 10 ára gamalt met Ægis, 3:50,80 mín. Þær Jóhanna Elín Guðmundsdóttir, Katarína Róbertsdóttir, Steingerður Hauksdóttir og Ingibjörg Kristín Jónsdóttir skipuðu sveitina.

BLÖNDUÐ SVEIT SETTI MET Í 4 X 50 M SKRÍÐSUNDI

Í síðustu greininni í þriðja hluta mótsins, 4 x 50 m skríðsundi í blönduðum flokki, féll 5 ára gamalt Íslandsmet. A-sveit SH synti á 1:37,53 en gamla metið var 1:38,63.

Sveit SH skipuðu þau Steingerður Hauksdóttir, Kolbeinn Hrafnkelsson, Jóhanna Elín Guðmundsdóttir og Dado Fenrir Jasminuson.

ENGIN LEIÐ AÐ HÆTTA?

Ingibjörg Kristín Jónsdóttir sem tilkynnti í janúar 2018 að hún væri hætt keppni stakk sér til sunds á ný eftir að hafa lagt áherslu á crossfit síðustu ár. Hún gerði sér lítið fyrir og vann til fimm gullverðlauna og var í kvennaseit SH sem setti þrjú Íslandsmet.

AUGLÝSINGAR

Náðu til Hafnfirðinga

sími 565 4513 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

Þrír af fjórum urðu Íslandsmeistarar

Fjórir úr Björk kepptu á Íslandsmóti í Taekwondo



Úlfur Stefánsson, Jóhannes Cesar Helgason, Ísabella Alexandra Speight og Anton Orri Heiðarsson.

Íslandsmót Taekwondosambands Íslands í bardaga var haldið 20. október sl. í húsnæði Aftureldingar í Mosfellsbæ. Þó svo að Björk hafi aðeins sent fjóra keppendur í þetta skiptið var árangurinn framar vonum og komu þrír af þeim heim sem Íslandsmeistarar og einn fékk silfur. Þá var Ísabella Alexandra Speight einnig valin kona mótsins. Í A flokk fengu Anton Orri Heiðarsson og Ísabella Alexandra Speight gull og Jóhannes Cesar Helgason silfur. Í B flokki fékk svo Úlfur Stefánsson gull.

Björk varð í þriðja sæti félaga þrátt fyrir fáa keppendur.

frítt söluverðmat sanngjörn sölupóknun fagljósmyndari

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“



Ársæll Steinmóðsson
löggtur fasteignasali
as@domus.is | gsm 896 6076

domus
FASTEIGNASALA

Firði, verslunarmiðstöð,
5. hæð (norðurturn)
Hafnarfirði
www.domus.is

Hve glöð er vor æska?

Málþing fyrir alla foreldra í Hafnarfirði um líðan barna og forvarnir
Flensborgarskóla, 19. nóvember, kl. 20:00–21:30

„Leiðir til að efla forvarnir í Hafnarfirði“

Geir Bjarnason, forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar

„Þarf að kenna börnum og unglingum félags- og tilfinningafærni?“

Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor í tómstunda- og félagsmálafræði

„Foreldrarölt skiptir máli“

Helga Birna Gunnarsdóttir, fulltrúi í stjórn Heimilis og skóla

Reynsla erlendra foreldra

Agnieszka Sokolowska og Dominika Krasko

„Hvernig líður börnunum okkar?“

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknir og greining

„Hinseginvænt umhverfi: hvað get ég gert?“

Samtökin '78






VINNUM SAMAN ERTU MEÐ?



MARKAÐSSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Öflugur stuðningur - Aukinn sýnileiki - Sterkt tengslanet
Fjölbreytt fræðsla - Áhrif á rekstrarumhverfið



Allar nánari upplýsingar
um Markaðsstofu
Hafnarfjarðar á
á msh.is

ÍÞRÓTTIR

HANDBOLTI:

13. nóv. kl. 19. Ásvellir,
Haukar - ÍBV, bikarkeppni kvenna

15. nóv. kl. 19.30, Kaplakriki
FH U - Haukar U, I. deild karla

16. nóv. kl. 19.30, Ásvellir
Haukar - Fjölnir, úrvalsdeild karla

16. nóv. kl. 17, Ásvellir
Haukar - HK, úrvalsdeild kvenna

17. nóv. kl. 15, Kaplakriki
FH - ÍBV 2, I. deild kvenna

18. nóv. kl. 19.30, Kaplakriki
FH - Stjarnan, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KONUR:

Selfoss - FH: 18-18
Stjarnan - Haukar: 22-22
Vikingur - FH: 18-42

ÚRSLIT KARLAR:

Haukar - Selfoss: 36-29
KA - FH: 31-27
Haukar U - Þróttur: 22-22
FH U - Vikingur: 34-30

KÖRFUBOLTI:

13. nóv. kl. 19.15, Sauðárkrúkur
Tindastóll - Haukar, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KONUR:

KR - Haukar: 70-60
Haukar - Valur: 57-74

ÚRSLIT KARLAR:

Haukar - ÍR: 101-82

Guðbjörg bogfimikona ársins

Guðbjörg Reynisdóttir, 19 ára í Bogfimiúfélaginu Hróa Hetti í Hafnarfirði, var valin íþróttakona ársins í bogfimi.

Guðbjörg byrjaði í bogfimi fyrir um 4 árum af því að henni fannst gaman að skjóta boga eða eins og hún myndi segja það sjálf „Hverjum finnst ekki gaman að skjóta af boga duh“. Hún keppir í berbogaflokki sem er bogi án miðs eða aukabúnaðar.

Guðbjörg endaði í 4. sæti á EM U21 í viðavangsbogfimi í Slóveníu í október. Guðbjörg náði hæsta skori mótsins í riðlakeppninni af öllum konum í opnum flokki og U21, þrátt fyrir að slasa sig. Þetta var í fyrsta sinn sem Guðbjörg keppti í viðavangsbogfimi þar sem sú íþróttgrein er nýleg á Íslandi.



Guðbjörg fékk 2 silfur á Norðurlandamótinu í ár en hún vann titilinn í fyrra. Guðbjörg sló fjögur Íslandsmet á árinu, tvisvar í opnum flokki og tvisvar í U21 flokki. Þá varð hún efst kvenna í öllum mótum sem hún keppti í hér á landi. Guðbjörg vann Íslandsmeistara-

titilinn utandyra og innandyra í opnum flokki berboga kvenna á árinu. Þá vann hún báða titlana í U21 flokki.

Guðbjörg mun keppa á HM U21 í viðavangsbogfimi og á Norðurlandamótinu á næsta ári.

Auglýsingar

sími 565 4513 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is

Fært á stafrænt form

Tek að mér að færa vídeó, slíde, ljósmyndir yfir á DVD diska eða flakka.

Fesbook/heima var best, sími 8637265
siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

SKIPULAGSBREYTING

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu við Ásvelli 1, Haukasvæði.

Á fundi bæjarstjórnar þann 18.sept. 2019 var samþykkt að auglýsa breytingar á deiliskipulagi Haukasvæðis við Ásvelli 1 í Hafnarfirði í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingunni felst að: skilgreind er ný lóð undir íbúðabyggð vestan megin við íþróttamiðstöð. Gert er ráð fyrir 100 – 110 íbúðum eða um 10.000m² byggingarmagni á lóðinni. Hæð húsa verði 2 – 5 hæðir. Bílakjallari verði undir byggingunum fyrir 90 bílastæði og ofanjarðar verður gert ráð fyrir 60 bílastæðum. Fjölnota knathús sem fyrirhugað var að byggja sunnan við gervigrasvöll verður nú staðsett nyrst á lóðinni. Hæð þess verður 25m yfir miðju vallar en 12m í hliðum. Grunnflötur byggingarreits er 13.050m² og verður stærð húss 9.900m² nettó. Samtengt knathúsinu verður 900m² þjónustubygging innan sama byggingarreits. Mænishæð þjónustubyggingar verður 5m. Gert er ráð fyrir um 230 nýjum bílastæðum vestan og norðan megin við knathús. Að öðru leiti gilda eldri skilmálar deiliskipulagsins.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðrhellu 2, frá 11.11- 23.12.2019. Efni er einnig aðgengilegt á www.hafnarfjordur.is

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagssviðs eigi síðar en 23. desember 2019.



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is

SKIPULAGSBREYTING

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu Suðurbæjar sunnan Hamars.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 16.10.2019 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóð Suðurgötu 73 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. og samhliða grenndarkynna tillöguna skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að: heimilt verði að nýta bifreiðageymslu á lóð Suðurgötu 73 í heild eða að hluta undir vinnustofu / námskeiðahald.

Breytingartillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðrhellu 2, frá 13.11.-30.12.2019. Efni er einnig aðgengilegt á www.hafnarfjordur.is

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagssviðs, eigi síðar en 30. desember 2019.

Umhverfis- og skipulagssvið

Mikilvægt að merkja vel

Þegar farið var að markaðssetja innsta hluta Valla var ákveðið að kalla hverfið Skarðshlíð í stað Valla 7 sem hverfið hafði verið merkt. Nú er að komastskriðurá byggingaframkvæmdir og næsti hluti hefur verið skipulagður.

Hann er nefndur Hamranes og er ein leið að þessum hverfum og vegurinn þangað er aðeins merktur Vellir. Í framtíðinni verður þetta einnig leið yfir á Kaldárselsveg. Yfirvöld hafa fengið ábendingu og nýtt skilti væntanlegt.



Leiðina að Skarðshlíðarhverfinu hefur alveg gleymst að merkja.

Hópbílar kolefnisjafna

Stærsti samningur fyrirtækis við Kolvið



Pálmar Sigurðsson og Reynir Kristinsson við undirritunina sl. fimmtudag.

Hópbílar hafa samið við Kolvið um að kolefnisjafna rútaakstur félagsins ásamt vinnutengdum flugferðum starfsmanna frá og með árinu 2020.

Þetta mun vera stærsti samningur sem Kolviður hefur gert við íslenskt fyrirtæki til þessa en áætlanir gera ráð fyrir að gróðursett verði um 18.600 tré árlega á rúmlega 7 hektara lands.

Pálmar Sigurðsson, skrifstofu- og umhverfisstjóri félagsins var mjög

ánægður að lokinni undirskrift. „Við erum mjög meðvituð um umhverfisáhrif starfseminnar og það er einlæg stefna okkar að lágmarka þau áhrif og bæta stöðugt árangur í umhverfismálum. Við höfum ætíð gert umhverfisvernd hátt undir höfði í starfsemi okkar samanber það að árið 2003 vorum við með fyrstu fyrirtækjum landsins til að innleiða umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt umhverfisstaðlinum ISO 14001. Við

LAUGARDAGS-KAFFI

SAMFYLKINGARINNAR Í HAFNARFIRÐI

Laugardaginn 16. nóvember
frá kl. 11 til 13

býður Samfylkingin í Hafnarfirði félagsmönnum og öðrum Hafnfirðingum í kaffi í tilefni af 20 ára afmæli félagsins á skrifstofu þess að Strandgötu 43.

Gunnar Svavarsson, fyrsti formaður Samfylkingarinnar í Hafnarfirði stíklar á stóru í sögu félagsins.

Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, og Adda María Jóhannsdóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði, munu einnig ávarpa fundinn.

Öll velkomin

Samfylkingin í Hafnarfirði



erum því mjög stolt að vera einnig leiðandi í að stíga það það stóra skref að kolefnisjafna akstur rútuflotans, fyrstir rútuþyrirækja“.

Reynir Kristinsson, stjórnarformaður Kolviðs sagði mjög mikilvægt að fá fyrirtæki eins og Hópbíla í lið með Kolviði. „Við hjá Kolviði fögnum mjög þessu skrefi sem Hópbílar eru að taka í dag. Það er afar mikilvægt að stór fyrirtæki í svona rekstri sýni í verki samfélagslega ábyrgð og taki þátt í að vinna gegn þeirri vá sem losun

gróðurhúsalofttegunda er. Við hlökkum mjög til þessa samstarfs við Hópbíla“.

Hópbílar hafa samhlíða þessum samningi innleitt hjá sér rekstrarkerfi frá Klöppum grænum lausnum hf. sem kortleggur og safnar saman í grænt bókhald heildarmotkun félagsins á olíu, úrgangi, rafmagni og heitu og köldu vatni og reiknar út CO2 losun vegna þeirra þátta. Það kemur til með að gagnast féluginu mjög vel við að ná betri árangri í umhverfismálum.

Styrkir Mæðrastyrknefndar

Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar mun taka á móti umsóknum föstudaginn 22. nóvember kl. 16-18 og laugardaginn 23. nóvember kl. 12-14 í húsnaði sínu að Hlíðarbraut 10. Næg bílastæði.

Hægt er að prenta út umsókn á www.maedrastyrksnefnd.is Minnt er á að umsókn verður ekki tekin gild nema að búsetuvottorð og staðgreiðsluskra með tekjum fyrir janúar til og með október 2019 fylgi umsókn.

Umsækjendur þurfa að eiga lögheimili í Hafnarfirði.

Þú getur styrkt!

Velunnurum er bent á reikning nefndarinnar: Íslandsbanki: 544-04-760686 | Landsbankinn: 0140-15-381231
Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar: 460577-0399

Jólaaðstoð 2019

www.maedrastyrksnefnd.is


Forvarnir með foreldrarölti

Fulltrúar foreldra eru á ferli og fylgjast með unglingum

Við flesta skóla bæjarins hafa foreldrar staðið fyrir foreldrarölti sem er heiti á eftirlitsferðum foreldra um skólahverfin eftir að útivistartíma líkur. Oftast er rölt á föstudagskvöldum en líka á öðrum dögum, sérstaklega í tengslum við skemmtanir í bænum.

Farið er af stað eftir að útivistartíma 13-16 ára unglinga líkur á veturna en það er kl. 22. Foreldrafélögin skipuleggja röltið og reynt er að deila því á foreldra úr sem flestum bekkjum og misjafnt er hversu margir ganga hverju sinni.

Fjarðarfréttir slógust í för með foreldrum úr Lækjarskóla sl. miðvikudag og var gengið



Ljóm: Guðni Gíslason

Fulltrúar Lækjarskóla í foreldraröltinu ásamt tveimur starfsmönnum Götuvítans.

þar sem búast mætti við að unglingar söfnuðust saman ef þeir væru á ferli. Að sögn Helgu Birnu Gunnarsdóttur, fulltrúa í foreldrarölti Lækjarskóla þá heftur þátttaka verið góð og metþátttaka um daginn þegar 20 foreldrar mættu.

Að þessu sinni var mætt við gamla Lækjarskóla þar sem foreldrar mættu. Sex

foreldrar voru mættir og var góð stemmning í hópnum og fólk sammála um að röltið væri einnig gott fyrir tengslamyndun foreldra og líka góð útivist. Strax við skólann mætti hópurinn drengjum sem voru að koma af skólaskemmtun. Voru þeir jákvæðir og spjölluðu við foreldrana og engin vandræði með þá. Í löngu rölti var ekkert athugasemdið að sjá og hvergi að sjá neina unglinga á ferli nema á leið af skemmtun í Lækjarskóla.

Þar hitti hópurinn tvo fulltrúa frá Götuvitanum sem er forvarnarstarf á vegum Hafnarfjarðarbæjar og er í samstarfi við foreldraröltið. Hlutverk Götuvítans er að sinna leitarstarfi og miðar að því að finna

þá unglinga sem teljast til áhættuhóps og aðstoða þá.

Þó þetta kvöld hafi verið rólegt þá er það ekki alltaf svo. Hópurinn úr Lækjarskóla hefur gengið fram á hópa af börnum undir lögdri og orðið vitni að fíkniefnasölu í hverfinu. Götuvitinn hefur fundið foreldralaus partí þar sem hefur þurft að kalla til lögreglu enda eru hvorki foreldramir né starfsfólk Götuvítans með neinar heimildir til aðgerða.

Góð samskipti við unglingana er hins vegar mikilvægur þáttur í röltinu.



Ljóm: Guðni Gíslason



Gott spjall við unglinga á leið heim af skólaskemmtun.



Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir samkvæmi stærri og smærri hópa.



Happy Hour alla daga kl. 15 - 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði sími 578 0200

Mikilvægust er þó fræðsla til foreldra um mikilvægi þess að fylgjast vel með sínum börnum og læra að þekkja hvenær ástæða er til þess að hafa áhyggjur. Sem betur fer eru lang flestir unglingar til mikillar fyrirmyndar og gott fyrir þá að vita að fulltrúar foreldra hafa af þeim áhyggjur og vilja tryggja öryggi þeirra.

FYRIRHUGUÐ ENDURSKOÐUN Á DEILISKIPULAGI

ÍBÚAFUNDUR UM MIÐBÆINN

Þriðjudaginn 19. nóvember kl. 17:00 í Hásölum

Boðað er til opins íbúa- og vinnufundar vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á deiliskipulagi miðbæjar í Hásölum Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 19. nóvember nk. kl. 17:00 – 19:00

Dagskrá fundar

Á fundinum verður farið yfir helstu áhersluatriði skýrslu starfshóps miðbæjarskipulagsins og hvernig þau samræmast þeim athugasemdum og ábendingum sem íbúar hafa þegar komið á framfæri.

Hvatt er til þess að fundargestir gefi sér tíma til að taka þátt í opinni vinnustofu er snýr að framtíðarsýn miðbæjarins. Þar verður leitað svara við t.a.m. hvar og hvernig íbúar vilja sjá þéttingu byggðar innan miðbæjarkjarnans, bílastæði, græn svæði og framtíðar ásjón götumynda.

Kaffi og kleinur í boði hússins.

Vonumst til að sem flestir sjái sér fært að mæta!



HAFNARFJÖRÐUR



585 5500 hafnarfjordur.is